

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals	10.850 lestir
þ.a. Eldey	1.000 lestir
þ.a. Arnarfjörður	700 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2.700 lestir
þ.a. Húnaflói	2.650 lestir
þ.a. Skagafjörður	1.500 lestir
þ.a. Skjálfandi	1.000 lestir
þ.a. Öxarfjörður	1.300 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 588, 27. nóvember 1995, um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 200

25. mars 1996

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 564/1994 yfir útselda vinnu
vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Við 5. gr. gjaldskrárinnar bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

Gjald fyrir samþykkt á efni til þrifa og/eða gerileyðingar í matvælaíðnaði, sbr. 2. lið 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti, er kr. 5.000 fyrir hvert efni sem heimilað er að nota.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.